

## Fundargerð stjórnar BÍS 18/2011.

Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123, miðvikudaginn 21. september 2011 kl. 17:30

### Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðslaráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

### Fjarverandi:

Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri og Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs.

### Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerðir stjórnar, skýrsla fulltrúa BÍS á heimspingi WAGGGS 2011 og fundargerð Úlfljótsvatnsráðs: Lagt fram.
3. Kynning á dagskrárvef, félagatali og skráningargrunni Landsmóts skáta: Baldur Árnason kynnti. BA og HS falið að fara yfir persónuverndarsjónarmið.
4. Starfsreglur stjórnar: Farið var yfir drög að starfsreglum og þær samþykktar.
5. Vinnufundur stjórnar, ráða og nefnda: Ákveðið að fundurinn 1. október verði fyrsti liðurinn í umræðu um endurskoðun á stjórnskipulagi BÍS og síðan muni stjórn vinna úr þeim hugmyndum sem þá liggja fyrir. Á fundinn verða boðaðir þeir sem eru þingkjörnir í stjórn og ráð.
6. Önnur mál:
  - a. Innleiðing: HGH leggur til að stýrihópur innleiðingarinnar verði lagður niður sem slíkur, en stjórn BÍS verði stýrihópur verkefnisins. Samþykkt.
  - b. Innleiðing: Rætt var um hvernig mæta ætti fyrirspurnum um efni fyrir rekka- og róverskáta og foringja þeirra. Huga þarf að undirbúningi og samþykkt að JIB og BAÁ leggi fram tillögur í byrjun desember.
  - c. Innleiðing: Helgina 14.-16. október verður innleiðingarnámskeið í Skátamiðstöðinni fyrir stjórn, ráð, nefndir og innleiðingarforingja.
  - d. Norrænt bréf til heimsstjórnar WOSM: Bréfið er áskorun norrænu bandalaganna til heimsstjórnar um endurskipulagningu á starfsemi heimsskrifstofunnar. Ákveðnar athugasemdir gerðar við tóninn í bréfinu, en HSG og JA falið að kanna viðhorf annarra norræna bandalaga áður en skrifað verði undir. Sterkara fyrir BÍS að vera með heldur en ekki.
7. Staða skátafélaganna: JA skýrði frá því að hann hefði undanfarna daga haft samband við flest skátafélög og almennt væri gott hljóð í þeim og hjá flestum væri starfið komið á fulla ferð. Foringjaskortur virðist vera nokkur á höfðuðborgarsvæðinu, en flest félög eru þó búin að leysa sín mál. JA sendir stjórn yfirlit.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl. 20:04

Fundargerð ritaði JA.